

LISTIR

Ein stærsta sýning á íslenskri myndlist erlendis opnuð í Washington

Íslensk myndlist í nýju samhengi

Washington. Morgunblaðið.

EIN stærsta sýning sem haldin hefur verið á íslenskri myndlist erlendis var opnuð í hinu virta Corcoran-safni í Washington í fyrrakvöld. Sýningin „Confronting Nature“ eða Andspænis náttúrunni hefur að geyma verk 24 listamanna og spannar svið íslenskrar myndlistar á 20. öld, frá verkum Þórarins B. Þorlákssonar til Ólafs Elíassonar og Steinu Vasulka.

Sýningarstjóri er Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, og eru langflest verkanna á sýningunni úr eigu safnsins. Landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, opnaði sýninguna að viðstöddum fjölda gesta við móttöku í safninu.

Corcoran-safnið, sem stendur í næsta nágrenni við Hvíta húsið, var stofnað árið 1869 og er eitt þriggja elstu listasafna í Bandaríkjunum, ásamt Metropolitan-safninu í New York og Fagurlistasafninu í Boston. Þangað koma hundruð þúsunda gesta ár hvert.

Að sögn Ólafs Kvaran var það ósk stjórnenda Corcoran-safnsins að sýningin brygði upp sögulegu yfirliti yfir íslenska myndlist á 20. öld. Þetta er stærsta sýningin sem haldin hefur verið á íslenskri myndlist í Bandaríkjunum og segir Ólafur að íslensk myndlist hafi með þessu verið sett í samhengi sem hún hefur ekki verið í áður. Bæði sé það fyrir innbyrðis samhengi verkanna sem spanni áhrif og þróun í íslenskri myndlist í heila öld og það að hér sé veitt sýn inn í heim íslenskrar myndlistar sem sett er fram á hennar eig-



Þrjú málverka Nínu Tryggvadóttur er að finna á sýningunni í Corcoran-safninu en listakonan starfaði lengst af ævi sinnar í Bandaríkjunum.

in forsendum. Hefur hann kosið að fara þá leið að takmarka fjölda listamanna en sýna heldur fleiri verk hvers þeirra og gefa þannig skýrari mynd af verkum einstakra listamanna.

Verk 24 listamanna, þar af 14 núlifandi

Af 24 myndlistamönnum sem verk eiga á sýningunni eru 14 starfandi listamenn í dag. Þar er m.a. að finna verk á borð við stóru Heklumynd Ásgríms Jónssonar frá 1909, Gullfjöll Svavars Guðnasonar frá 1946, málverk eftir Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur, Erró, Helga Þorgils Friðjónsson og Georg

Guðna, röð ljósmynda af gjörningum Sigurðar Guðmundssonar frá 1975–82, innsetningu Rögna Róbertsdóttur og Finnoga Péturssonar, skúlpúr Brynhildar Þorgeirsdóttur og ljósmyndir Hrafnkels Sigurðssonar auk myndbandsinnsetningar Steinu Vasulka. Þá eru 8 málverka Kjarvals á sýningunni.

Sýningin fetar því breitt svið myndlistar þar sem landslagssýnin er alltaf til staðar þótt birtingarformið sé margslungið. Leitast er við að varpa ljósi á áhrif náttúrunnar í verkum íslensku listamanna á sýningarskrá þar sem m.a. má finna greinar eftir bandaríska heimspekinginn Arthur C. Danto og listfræð-



Morgunblaðið/Hulda Stefánsdóttir

Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, ræðir verk sýningarinnar við landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústsson, og aðstoðarmann hans, Sveinbjörn Eyjólfsson. Verk Gunnlaugs Scheving í bakgrunni.




Sýningunni lýkur á myndbandsinnsetningu eftir Steinu Vasulku.

ingana Marticu Sawin og Auði Ólafsdóttur.

Það var að frumkvæði Landafundaneftndar, og formanns hennar, Einars Benediktssonar, fyrirverandi sendiherra, að undirbúningur fyrir þessa sýningu hófst fyrir tveim árum. Sýningin er síðasti viðburðurinn í því kynningarstarfi sem

Landafundaneftnd hefur staðið að í Bandaríkjunum síðastliðið ár til að minnast 1.000 ára afmælis landafunda Leifs Eiríkssonar í vesturheimi.

Sýningin er einnig styrkt af ríkisstjórn Íslands, Eimskipi, Flugleiðum og átaksverkefnum Iceland Naturally í Bandaríkjunum.



Innsetning Einars Más Guðvarðarsonar.

Hljóðlát innsetning um tilveruna

SÝNINGIN Lífræna – vélræna verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í kvöld kl. 20. Þar hefur Einar Már Guðvarðarson skapað einfalda og hljóðlát innsetningu og boðið vini sínum Bjarne Lönnroos að deila með sér sýningu um hið lífræna – vélræna og stöðu mannsins í tilverunni.

Í kynningu frá listasafninu segir: „Í sýningunni er tekið á við tilveruna, eins og við mennirnir skilgreinum hana. Líf kviknar, vex og þroskast, hnignar og deyr. Slík er hringrás náttúrunnar og við sjáum hana í öllu í kringum okkur og hvert í öðru; við fæðumst, döfnum og deyjum. Utan jarðarinnar virð-

ast gilda sömu lögmál; einstakir heimar og stjörnukerfi verða til, þroskast, hnignar og hverfa að lokum. Allt bendir til að hið sama gildi um alheiminn sjálfan; hann varð til með Stóra hveli, og mun hverfa í andhverfu þess viðburðar. Þrátt fyrir að öll okkar vísindi hafi leitt mannkynið til þessarar niðurstöðu læðist að okkur sá grunur að það sé eitthvað til sem standi utan við þetta ferli. Sá grunur kemur fram í voninni um eilífðina að loknu jarðlífinu og í ótta okkar við vélinu – að tæknin verði eilíf, að hið vélræna taki við, þar sem hinni lífrænu tilveru sleppir.“

Guðbrandsbiblía á góðu verði

DANSKA uppboðsfyrirtækið Bruun og Rasmussen seldi íslenskar bækur að andvirði tæpra átta milljóna íslenskra króna á uppboði í Kaupmannahöfn í gær. Bækurnar voru úr einkasafni Eyvind og Erling Finsen sem var stærsta safn sinnar tegundar í Danmörku. Meðal bóka voru Íslendingasögur í útgáfum frá 18. öld, Þorlákssbiblía prentuð á Hólum í Hjaltadal 1607 og Guðbrandsbiblía einnig prentuð á Hólum 1584, Grallari prentaður á Hólum 1649, Passíusálmar Hallgríms Péturssonar, prentaðir á Hólum 1745, Lögbingsbók prentuð í Hrapsey 1775, Landnámásaga prentuð í Skálholti 1688, auk ferðasagna og náttúrufræðiritra af ýmsu tagi.

Kóngsskuggsjá á háu verði

Að sögn Flemmings Pedersens sem hafði umsjón með uppboðinu seldust allar bækurnar, en eins og gengur fóru sumar undir ásettu verði og aðrar langt yfir. Hann kvaðst mjög undrandi á því hve íslensku biblíurnar seldust ódýrt, Þorlákssbiblía á andvirði 312.000 íslenskra króna og Guðbrandsbiblían á 320.000 krónur. „Við byrjuðum á Íslendingasögnum. Þær seldust vel, en ekki á mjög háu verði; sumar aðeins yfir uppsettum prís og aðrar undir. Það sem kom mest á óvart þar var að Kóngsskuggsjá gefin út af Hálfðani Einarssyni 1748 seldist á herra verði en við bjuggumst við, eða á rúmar 180.000 íslenskar krónur. Þetta var reyndar mjög fallett eintak. Salan á biblíunum er talsverð vonbrigði. Ég seldi



Saurblað Guðbrandsbiblíunnar sem seld var á uppboði Bruun og Rasmussen í Kaupmannahöfn í gær.

lélegra eintak af Þorlákssbiblíunni fyrir þremur árum á tæpar 370.000 íslenskar krónur, en eintakið sem fór nú á 320.000 var miklu heillegra og betur með farið. Guðbrandsbiblían hafði reyndar lent í eldsvöðu, og var svoltíð skemmd, en verðið var samt of lágt. Dýrasta bókin var landafræðibókin Historia Vinlandiæ Antiquæ, sem seldist á rúmlega tvöföldu því verði sem upp var sett, eða á um 740.000 íslenskar krónur. „Að sögn Flemmings Pedersens var sú bók í mjög góðu ásigkomulagi og eitt af fáum eintökum sem til er, því stærsti hluti lagersins brann í eldnum í Kaupmannahöfn 1728. Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar prentuð í Sorø 1772 seldist líka langt yfir settu verði, eða á 275.000 krónur. Flemming Pedersen segir að kaupendur stærstu og dýrustu bókanna hafi verið danskir og norskir, en veit ekki hvort Íslendingar tóku þátt í uppboðinu.

Blái hnötturinn aftur á fjalarinnar

BLÁI hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason verður tekinn aftur til sýninga í Þjóðleikhúsinu og verður fyrsta sýning á sunnudag.

Þar segir frá villibörnunum á Bláa hnettinum sem eru algerlega frjálst og halda að lífið geti ekki orðið fallett og skemmtilegra. En þegar geimskrimslir lendir þar og kennir börnunum að fljúga upphefst ótrúlegra ævintýri en nokkurt barn á Bláa hnettinum hefði getað grunað að það lenti í.

Jónas Viðar sýnir í Ósló

JÓNAS Viðar opnar málverkasýningu í IsKunst Gallery í Ósló á morgun, laugardag. Jónas sýnir málverk úr myndröðinni Portrait of Iceland og nýtir hann sér þar tölvutækni og aðrar aðferðir. Verkin eru hefðbundin landslagsverk með tilvísun í íslenska landslagið.

Þetta er 19. einkasýning Jónasar en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis.

Sýningin stendur til 4. nóvember. Slóðin á heimasíðu Jónasar er www.jvs.is.

Tónleikar í Borgarnesi

TÓNLISTARFÉLAG Borgarfjarðar hefur nú sitt 35. starfsár með tónleikum í Borgarnesarkirkju í kvöld kl. 20.30. Þar munu þeir Haukur Guðlaugsson orgelleikari og sr. Gunnar Björnsson sellóleikari flytja fjölbreytta tónlist auk þess sem sr. Gunnar mun ræða við áheyrendur um verkin og höfunda þeirra.